

Bréf landshöfðingjans (til beggja amtmanna)
 Til þess að viðsvegar í landinu verði frá 1. jan. 1875, er reikningseining sú, sem ákveðin er með peningalögunum 23. maí, sbr. auglýs. 25. sept. 1873, öðlast laga-gildi, svo mikið til sem þörfum manna nægir af hinum nýslegnu smápeningum, hefi eg í dag skipað landfógetanum að senda sýslumönnum landsins með 2 hinum síðustu póstferðum í ár nauðsynlegan forða af smápeningum þeim, sem fyrirskipaðir eru í peningalögunum 23. maí 1873, svo að bæði sýslumennirnir sjálfir geti notað smápeninga þessa til embættisútgjalda sinna og skipt þeim móti peningum þeim, er hingað til hafa gengið, við þá sýslubúa, sem fara þess á leit við þá. Ef sýslumenn ekki kjósa heldr að senda landfógeta fulla borgun í eldri peningum (aptr með póstinum), eiga þeir að senda honum kvittun fyrir hinni meðteknu upphæð með sama pósti og þar næst gjöra grein fyrir upphæðunum í sýslureikningum sínum fyrir yfirstandandi og næstkomandi ár. Skyldi einhver sýsla þarfnast fleiri smápeninga, en henni verða sendir, verðr sýslumaðr að annast um að útvega sér þá frá landfógetanum.

12
19da
septbr.

Frá 1. jan. 1875 má ekkert yfirvald, sem fengið hefir hina nýju peninga, gefa út frá sér aptr hina gömlu, heldr ber að senda þá inn í jarðabókarsjóðinn.

Jafnframt því að ljá herra amtmanninum þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og auglýsingar fyrir sýslumönnum, skal eg biðja yðr að gefa þeim skipun samkvæmt þessu, og að leggja á við hlutaðeigandi umbodshaldara, að þeir innan 1. janúar 1875 séu sér úti um byrgðir hjá sýslumönnum af hinum nýu smápeningum, og gæli þess, sem að framan er sagt um meðferð á hinum eldri skildingum².

Að því er snertir jafnaðarsjóði amtanna og þá aðra sjóði, sem eru undir umráðum yðar, eruð þér einnig þjónustusamlega beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem á þarf að halda í þessu tilliti.

Bréf landshöfðingjans (til bærfogetans í Reykjavík)

Í bréfi 14. p. m. hafið þér herra bærfogeti fyrir hönd bærstjórnarinnar í Reykjavík farið þess á leit, að eg leggi samþykki mitt á nokkrar breytingar, sem bærstjórnin hefir fallist á í upphæð kenslueyrisins við barnaskólann í Reykjavík, eins og hún er ákveðin í 30. grein reglugjörðar 27. október 1862, og í reglunum 21. febrúar 1866.

13
30da
septbr.

Í tilefni hér af skal eg eigi undanfella að láta yðr vita, að eg, með því að bærstjórninni með tilskipun 20. apríl 1872 er fallin á hendr stjórn á tekjum og gjöldum skólans, og tilskipunin sér í lagi í 19. grein sinni eigi skipar fyrir, að ákvörðun kenslueyrisins skuli vera undanþegin þessari stjórn — fái eigi betr sæð, en að bærstjórnin þurfi eigi samþykta þeirrar með, er hún hefir leitað.

Bréf landshöfðingjans (til forstjóra sparisjóðsins í Reykjavík³)

Eptir að hafa meðtekið bónarbréf forstjóranna frá 5. p. m. hefi eg samkvæmt tilskipun 5. janúar þ. á. um hlunnindi fyrir sparisjóði á Íslandi, veitt sparisjóðnum í

14
10da
oktbr.

1) Sama dag var póstmeistaratum skipað að annast um, að allir póstafræðendur á landinu fái nauðsynlegan forða af hinum nýu smápeningum, og að þeim verði bannað að gefa út frá 1. janúar næstkomandi, smáskildinga af peningum þeim, er hingað til hafa verið gjaldgengir, en slíka smáskildinga eigi þeir að senda póststofunni, svo að þeir verði greiddir í jarðabókarsjóðinn.

2) Í bréfinu til amtmannsins yðr suðr- og vestrantinu er þessi viðbót: „Það hefir ekki þótt þörf á að senda sýslumanninum í Kjósar- og Gallbríugusýslu forða af smápeningum, þar sem hann ávalt getr fengið peningum skipt í jarðabókarsjóðnum, eins og hann þarf með, en þér eruð, herra amtmadr, þjónustusamlega um beðnir, að skipa honum það, sem þörf er á í þessu tilliti“.

3) Í bónarbréfi sínu skýra forstjórnarnir frá, að sjóðrinn haf verið stofnað 9. mars 1872 og tekið til starfa 20. apríl s. á., og gefa þeir þetta yfirlit yfir viðgang hans síðan:

14
10da
oktbr

Reykjavík um 10 ára tímabil, er byrjar í dag, öll þau hlunnindi, sem talin eru í nefndri tilskipun, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðrinn nú veitir, eigi rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í samþykkt sjóðsins frá 9. mars 1872, er fylgdi bréfi forstjóranna, verði nákvæmlega gætt, og að forstjórnarnir til þess, að landshöfðinginn geti haft eptirlit með þessu, árlega sendi honum eptirrit af reikningum sparisjóðsins, svo þer og að skýra landshöfðingja frá sérhverri breytingu, er kynni að verða gjörð á samþykktinni frá 9. mars 1872 og frá því, er skipti verða á stofnendum sjóðsins samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins í norðr og austramtinu⁴).

15
10da
oktbr

Amtmaðrinn hafði mælt fram með, að sparnaðarsjóðrinn í Siglufirði fengi hlunnindi þau, sem talin eru í tilskipun 5. janúar þ. á., og sýslumaðrinn í Eyjafjarðarsýslu hafði vottað, að allir forstjórar sjóðsins væru áreiðanlegir menn og flestir þeirra vel efnadir. Samkvæmt þessum meðmælingum voru nefnd hlunnindi veitt sjóðnum um 5 ára tímabil og með líkum skilyrðum, og þeim, er til eru tekin í bréfinu hér næst á undan.

Embættismenn skipaðir og settir.

Hinn 14. dag septembermån. hefir ráðgjafinn fyrir Island sett cand. mag. Benedikt Gröndal til að vera kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík frá 1. d. októbermån.

Hinn 3. dag septembermån. hefir landshöfðinginn staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna dagsett 12. ágúst handa síra Birni Þorlákssyni fyrir Hjaltastaðar og Eyða prestakalli í Múlasýslum.

12. s. m. hefir landshöfðinginn sett kandidat Júlíus Haldórsson, til að gegna héraðslæknisstörfum í Þingeyjarsýslu með 500 rdl. árlægum styrk úr læknasjóðnum og aðgöngu til launaviðbótar þeirrar, sem ákveðin er með konungsúrskurði 10. maí 1867.

Hinn 10. dag októbermånadar staðfesti landshöfðinginn veitingarbréf stiptsyfirvaldanna dagsett 18. júní þ. á. handa síra Jakobi Benediktssyni fyrir Miklabæarprestakalli í Skagafirði.

Hinn 27. dag ágústmånadar var af stiptsyfirvöldunum Garpsdalsprestakalli í Barðastrandarsýslu veitt kandidat Steingrím Jónssyni,

Rípsprestakalli í Skagafjarðarsýslu veitt kandidat Ólafi Bjarnarsyni og Skinnastaðaprestakalli í Þingeyjarsýslu, er Garðsprestakalli í sömu sýslu fyrst um sinn er sameinað, veitt kandidat Stefáni Sigfússyni.

28. s. m. var af stiptsyfirvöldunum Lundabrekkuprestakalli í Þingeyjarsýslu veitt kandidat Magnúsi Jóseppssyni.

Hinn 7. dag septembermånadar var af stiptsyfirvöldunum Assprestakalli í Fellum í Norðmúlasýslu veitt prófasti síra Bergi Jónssyni á Bjarnanesi í Skaptafellssýslu.

24. s. m. var af stiptsyfirvöldunum Dvergasteinsprestakalli í Suðrmúlasýslu veitt kandidat Stefáni Haldórssyni.

Hinn 7. dag októbermånadar var af stiptsyfirvöldunum Kálfafellsstaðarprestakalli í Austrskaptafellssýslu, sem hafði verið auglýst 22. ágúst, veitt síra Jóhanni Kn. Benediktssyni presti á Einholti.

Óveitt embætti.

Bjarnanessprestakalli í Austrskaptafellssýslu auglýst 8. september, metið 353 rdl. 18 sk.

Einholtsprestakalli í sömu sýslu auglýst 8. október, metið 240 rdl. 27 sk.

11. desbr. 1872	voru viðskiptamenn	157	höfudstóllinn	6,805 rdl.	1 sk.	varasjóðrinn	108 rdl.	28 sk.
11. júní 1873	—	—	212	—	—	9,376	— 40	— 284 — 61
11. desbr. s. á.	—	—	274	—	—	14,755	— 95	— 399 — 25
11. júní 1874	—	—	322	—	—	19,614	— 15	— 643 — 29

Stofnendr sjóðsins eru 16, (12 innanbæar og 4 utanbæar), og hefir sérhver þeirra ábyrgð á, að sjóðrinn standi í skilum, og er skyldur til að svara allt að 100 rdl. hver, fyrir halla þann eðr tjón, er sjóðrinn kann að verða fyrir, og hann sjálf eigi getr staðið straum af. Sparisjóðrinn á þannig ráð á 1600 rdl. auk varasjóðs síns, eðr nú als á 2243 rdl. 29 sk., til að bæta upp halla þann, er sjóðrinn kann að verða fyrir.

4) Hann er stofnaðr 1. janúar 1873; viðskiptamenn hans voru í júnímánuði þ. á. taldir 92, höfudstóll hans rúm 1400 rdl. Varasjóðs er eigi getið, en stofnendr sjóðsins, sem eru 8, eru skyldir til að svara allt að 50 rdl. hver, eðr als 400 rdl., fyrir tjón það, er sjóðrinn eigi sjálf getr staðið straum af.